

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2020, fimmtudaginn, 26. nóvember, var haldinn 11. fundur íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldin með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 16.04. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1076/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Dóra Magnúsdóttir, Gústav Adolf Bergmann, Kristín Erna Arnardóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Bylgja Björnsdóttir og Hilmar Jónsson. Fundinn sátu einnig með fjarfundarbúnaði Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Aðalbjörg Traustadóttir.

Petta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. nóvember 2020, um framlengingu á heimild til nýtingar fjarfundabúnaðar á fundum ráða og nefnda Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum.
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. nóvember 2020, um samþykkt borgarráðs á tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða á framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð til 1. júlí 2021.
3. Fram fer kynning á fyrirkomulagi nágrennavörslu í hverfinu.

Helga Margrét Guðmundsdóttir og María Björk Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
4. Fram fer umræða um drög að tillögum að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040.
5. Lögð fram drög að umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um drög að tillögum að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040.
Samþykkt
6. Lögð fram bréf Íbúasamtaka Háaleitis dags. 23. nóvember, bréf Foreldrafélags Álftamýrarskóla ódags. og bréf frá stjórnendum leikskólans Álftaborgar ódags. sem íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis hefur borist vegna draga að tillögum að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.
7. Fram fer umræða um fundartíma ráðsins í desember.
Stefnt að því að desemberfundur fari fram þann 17. desember.
8. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

Fundi slitið kl. 17:24

Dóra Magnúsdóttir

Gústav Adolf Bergmann
Kristín Erna Arnardóttir
Hilmar Jónsson

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Bylgja Hrönn Björnsdóttir